



Minnisblað fyrir umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þann 8. mars 2022 Smáskipanám hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Smáskipanám hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða, forsaga

- Á Vestfjörðum er margra áratuga hefð fyrir smáskipanámi/30 tonn (pungapróf).
- Allt frá stofnun Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 1998 hefur árlega verið boðið upp á smáskipanám hjá miðstöðinni að undanskildum árunum 2020-2021 (þar sem námskrá og tilskilin leyfi frá Samgöngustofu lágu ekki fyrir). Oftast hafa verið haldin námskeið á Ísafirði en einnig á Patreksfirði, Hólmavík, Bíldudal, Flateyri og Suðureyri. Nemendur hafa verið frá flestum byggðakjörnum Vestfjarða.
- Áður hafði Farskóli Vestfjarða, fyrirrennari Fræðslumiðstöðvarinnar, boðið upp á slíkt nám frá stofnun 1989.
- Fyrir tíma Farskólans sáu einstaklingar með þar til skilin réttindi um námið um langt skeið. Það er því margra áratuga hefð fyrir smáskipanámi (pungaprófi) á Vestfjörðum, bæði í byggðakjörnum og líka sem valgrein í Grunnskólanum/Gagnfræðaskólanum á Ísafirði.
- Námið hefur verið vel sótt og sýnir það vel þörfina fyrir slíkt nám á Vestfjörðum. Í gegnum tíðina hafa nemendur verið á bilinu 10-45 á ári (fjölmennustu árin voru stórir árgangar sem tóku námið sem val í 10. bekk grunnskóla).
- Fjöldi nemenda síðustu ár:

Ár	Fjöldi
2019	21
2018	16
2017	27
2016	40
2015	25
2014	19
2013	45
2012	22

- Undanfarinn rúman áratug hefur verið boðið upp á námið í samstarfi við Tækniskólann (Skipstjórnarskólann) sem hefur útvegað próf og prófdómara en kennslan alfarið verið í höndum aðila á Vestfjörðum með tilskilin réttindi. Áður var samstarf við viðurkennda prófdómara.
- Til gamans má geta þess að Vestfirðingar stofnuðu fyrst sjómannaskólann veturinn 1852. Það voru þilskipaeigendur á Vestfjörðum sem tóku sig saman og stofnuðu skóla á Ísafirði til að kenna skipstjórnarmönnum siglingafræði. Kennslu annaðist Torfi Halldórsson skipherra. Til að undirbúa stofnun skólans fór Torfi út til Flensborgar í Danmörku og nam þar sjálfur siglingafræði. Fyrsta veturinn voru sex nemendur við skólann. Nú í haust er því 170 ára afmæli skipstjórnarnáms á Ísafirði.



Smáskipanám hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða, nám árið 2022

- Samgöngustofa staðfesti smáskipanám Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða þann 4. febrúar s.l. á grundvelli 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 944/2020 í skipstjórn og smáskipavélavörður <15m.
- Smáskipanám skipstjórn <15m og viðbót 12-15m hófst hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða þann 26. febrúar s.l. Alls eru 28 þátttakendur, þar af 3 í viðbótarnáminu. Síðar í mars verður farið af stað með nám í smáskipavélaverði <15m og 12-15m.
- Námið í skipstjórn er kennt í samstarfi við Menntaskólann á Ísafirði og Tækniskólann (Skipstjórnarskólann). Ákveðið hefur verið að Tækniskólinn annast kennslu námsþáttanna ROC fjarskiptaréttindi F-SMÁS2CF_12 og Verkleg grunnþjálfun í siglingahermi F-SMÁS3CH_2. Þessir námsþættir eru háðir kennslu í fjarskiptahermi og siglingahermi (samlíki) sem ekki eru til staðar á Vestfjörðum. Síðustu misserin hefur tækninni fleygt fram og nú er mögulegt að kenna hluta þessara námsþátta í fjarnámi. Þannig sjáum við fram á að hægt verði að kenna fjarskiptanámið alfarið á Vestfjörðum og munum við leita leiða til að kenna verklega grunnþjálfun í siglingahermi að hluta í fjarnámi og að hluta til í staðnámi í Reykjavík. Aðra námsþætti námsins annast leiðbeinendur á vegum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða sem jafnframt hafa kennt í skipstjórnar- og vélstjórnargreinum hjá Menntaskólanum á Ísafirði. Í MÍ er vélahermir og þar fer fram verkleg kennsla í námsþættinum Viðhald og umhirða vélbúnaðar í skipum <15m F-SMÁS3EU_3. Flestir nemenda eru búsettir og/eða starfandi á Vestfjörðum.
- Mikilvæg forsenda námsins er samstarf Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða við Menntaskólann á Ísafirði og Tækniskólann en það veitir námsmönnum jafnframt möguleika á áframhaldandi námi í faginu.
- Námið er skipulagt sem dreifnám, (fjarnám með þremur staðlotum, fjarnámstímar eru teknir upp). Áætlaðar kenndar stundir eru 148 en gera má ráð fyrir að 330-430 klst. fari í námið samkvæmt viðmiði fyrir framhaldsskólanemendur. Námið samsvarar 18 framhaldsskóláeiningum. Smáskipanámið kostar kr. 330.000,- pr. einstakling en námsmenn eru hvattir til að kanna aðkomu starfsmenntasjóðs að þeim kostnaði. Fræðslumiðstöð, ásamt Menntaskólanum á Ísafirði, mun þurfa að fjárfesta í tölvubúnaði vegna námsins (MÍ hefur einnig sent nemendur í ROC og siglingahermi hjá Tækniskólanum).
- Fræðslumiðstöðin kappkostar að auðvelda einstaklingum sem ekki hafa íslensku að móðurmáli að taka þátt í náminu. Stutt hefur verið við nemendur, ensku- og pólskumælandi, s.s. með því að þeir geti svarað prófum á sínu móðurmáli. Hingað til hefur reynt á það að nemendur hafi svarað á pólsku og ensku. Svörin hafa svo verið þýdd á íslensku. Hægt er að nálgast námsefni á ensku og smávegis hefur verið þýtt á pólsku hjá Fræðslumiðstöð. Hjá miðstöðinni starfar pólskumælandi einstaklingur sem hefur getað stutt við pólskumælandi nemendur. Vilji er hjá miðstöðinni að geta boðið upp á námið fyrir enskumælandi og pólskumælandi námsmenn. Þá hafa námsmenn einnig aðgang að náms- og starfsráðgjöf á íslensku, ensku og pólsku.
- Námið hefur verið kynnt með auglýsingum og kynningum hjá fyrirtækjum á Vestfjörðum.
- Námskrár smáskipanáms eru vottaðar á grundvelli 6. gr. laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og 8.-10. gr. reglugerðar um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011. Fræðslusjóður starfar samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu. Á grundvelli þess að námskrárnar eru í námskrárgrunni framhaldsfræðslunnar er vert að skoða hvort Fræðslusjóður samþykki að taka námið inn á verðlista fræðslusjóðs, en með því móti væri hægt að bjóða upp á niðurgreiðslu námsins til markhóps framhaldsfræðslunnar (í markhópi eru þeir sem ekki



hafa lokið framhaldsskóla). Verði það samþykkt gætu símenntunarstöðvar út um landið boðið upp á námið, gegn samþykki Samgöngustofu og samstarfi við Tækniskólann. Þetta hefur ekki verið kannað.

Raunfærnimat á mótí námskrá

- Enn hefur ekki gefist tími til að skoða möguleika á raunfærnimati. Hröð þróun hefur verið á raunfærnimati í ýmsum faggreinum og því mikilvægt að skoða og meta möguleika á raunfærnimati í smáskipanámi. Fræðslumiðstöð Vestfjarða er hlynnt því að kannað verði hvort mögulegt sé að meta reynslu háseta á mótí námskrá. Slíkt þarf að skoða vel með hagsmunaaðilum og kjarnaskóla skipstjórnarnáms. Ótvíræður ávinningur námsmanna væri mat á reynslu og styttri námstími en má þó ekki vera á kostnað öryggis sjómanna.

Aðgengi að námi í heimabyggð

- Fræðslumiðstöð Vestfjarða starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá: Sjá auglýsingar nr. 757/1999 og 870/2006. Í 4. gr. skipulagsskrár greinir frá þeim markmiðum miðstöðvarinnar að efla menntun á Vestfjörðum og taka mið af þörfum atvinnulífs og íbúa Vestfjarða. Þessi markmið Fræðslumiðstöðvar samrýmast vel markmiðum sóknaráætlunar Vestfjarða og byggðaáætlunar sem m.a. stefna að jöfnu aðgengi að þjónustu og þekkingaruppbyggingu samhliða þróun atvinnulífs.
- Á Vestfjörðum hefur í gegnum tíðina verið eftirspurn eftir smáskipanámi og er sú eftirspurn frekar að aukast í tengslum við þróun atvinnulífs á svæðinu (sjávarútvegur, fiskeldi og ferðaþjónusta).
- Það er styrkleiki Fræðslumiðstöðvar að hún er í góðum tengslum við atvinnulífið og hefur getað brugðist við þeirri eftirspurn sem hefur skapast hverju sinni. Þá er einnig hagkvæmara fyrir námsmenn og atvinnulífið að geta sótt sér þjónustu í heimabyggð.

Fyrir hönd Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða

Sædis María Jónatansdóttir

Sædis María Jónatansdóttir, framkvæmdastjóri